

# Hverfisráð Hríseyjar

92. fundur

Mánudaginn 8. júní 2015 kl.20.00 var 92. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Anton Steinarsson, Þorgeir Jónsson og Linda María Ásgeirsdóttir varamaður.

Formaður setti fundinn.

## Dagskrá:

### 1. Atvinnumál.

Verkefnið Brothættar byggðir fer samkvæmt nýjustu fréttum frá Byggðastofnun í afgreiðslu fyrir júnílok. Verið er að skoða fleiri möguleika í atvinnurekstri m.a. í samstarfi við AFE. Hverfisráð vill ítreka ósk sína um nýtingu á Hlein í einhverja atvinnustarfsemi

### 2. Nettenging.

Samkvæmt svari frá Mílu vegna nettengingar er ekki á áætlun að uppfæra xDSL kerfið í Hrísey en verið er að skoða hvað hægt er að gera varðandi lélegt netsamband. Hverfisráð lýsir yfir óánægju sinni með hvað þetta mál virðist ætla að vera erfitt í vinnslu en sjá má þessa umræðu á fundum hverfisráðs og bréfaskriftir varðandi netsamband í Hrísey ein sex eða sjö ár aftur í tímann.

### 3. Lýsing, ljósastaurar.

Framhaldsumræður um götulýsingu í Hrísey. Fyrirspurn var send á framkvæmdadeild vegna götulýsingar en nokkra ljósastaura vantar til að lagfæra lýsingu í eyjunni. Svar barst frá þeim um að málið yrði skoðað. Hverfisráð óskar eftir því að þetta mál verði klárað fyrir haustið.

### 4. Hreinsunardagur.

Ákveðið að hafa árlega hreinsunardag þriðjudaginn 16. júní kl. 16.00. Sent verður dreifibréf á öll heimili. Að venju verður boðið upp á grillaðar pylsur á eftir.

### 5. Önnur mál.

Umræður um framkvæmdir á Austurvegi, Þorgeir tekur að sér að kanna stöðuna á þeim.

Rætt um framkvæmdir á hátíðarsvæði, Hverfisráð fagnar því að búið er að setja upp ærslabelginn og telur hann eiga eftir að vekja mikla lukku.

Vangaveltur um áframhaldandi framkvæmdir við grillin sem sett voru upp á svæðinu.

Innkomið bréf vegna þátttöku í Akureyrarvöku, ákveðið að Linda María verði í sambandi við Akureyrarstofu vegna málsins.

Enn er ekki komin niðurstaða í hver muni sjá um reksturinn á aðstöðuhúsinu á Árskógssandi.

Átta einstaklingar voru á dögnum útskrifaðir úr sjúkraflutningaskólanum og sjúkrabíllinn formlega afhentur ásamt hjartastuðtæki. Ráðið fagnar því að þessi mál eru að komast á hreint.

Innkomið erindi vegna umsagnar hverfisráðs um staðsetningu veitingavagns við höfnina í Hrísey. Hverfisráð telur ekki markað fyrir þessari starfsemi í Hrísey eins og staðan er í Hrísey í dag en nýr veitingastaður var opnaður í vor og einnig verða seldar pylsur og samlokur í nýju versluninni og svo er veitingahúsið Brekka einnig starfandi.

Hverfisráð barst bréf vegna æðar ræktunar í Hrísey. Þorgeir vék af fundi við afgreiðslu málsins, ráðið tekur vel í erindið og verður það sent áfram til bæjarins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20.50

Anton M. Steinarsson  
Þorgeir Jónsson  
Linda María Ásgeirsdóttir

Fundargerð rituð af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur.